

## Ársskýrsla stjórnar Snarfara 2020



Hvað annað er hægt að segja um 2020 en að það hafi verið fordæmalaust ár. Öll plön fóru fyrir lítið og allt stoppaði. Þar af leiðandi var lítið gert á því ári. Við náðum þó að halda árlega reiðnámskeiðið okkar og Eðalhesta fyrir krakkana sem tókst vel og var þétt setið. Að þessu sinni var námskeiðið haldið fyrstu tvær vikurnar í ágúst. Fyrri vikuna voru eldri krakkarnir en seinni vikuna voru yngri krakkarnir. Veðrið var skaplegt þessar tvær vikur og skemmtu allir sér vel eins og undanfarin ár.

Graðhestahólfíð var opið eins og vaninn er. Þetta árið komu ívið færri hestar sökum tafa á opnun hólsins. Hestarnir voru 10 talsins og nutu þeir sín vel í grasgefnu og rúmu hólfinu.

Dagný H. Þorgeirsdóttir

Formaður

